




UMHVERFIS
STOFNUN

Dagskrá fundarins

- 16:00–16:15 Kynning á friðlýsingu og stjórnunar og verndaráætlun.
- 16:15–16:30 Umræður.
- 16:30–16:45 Kynning á stefnumótunarvinnu.
- 16:45–17:00 Fyllt á bollann.
- 17:00–17:45 Hugmyndavinna – breytingar og uppbygging sem ráðast þarf í á næstu árum.
- 17:45–18:00 Næstu skref kynnt og lok fundar.



Íbúafundur í Hjaltalundi

**Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæði norðan
Dyrfjalla og Stórurð**


17. apríl 2023

Friðlýsing svæðisins



Friðlýsing svæðisins

- Friðlýsing undirrituð 2. júní 2021.
- Svæði norðan Dyrfjalla sem landslagsverndarsvæði.
- Stórurð friðlýst sem náttúruvætti.
- Markmið að vernda jarðminjar, landslag og líffræðilega fjölbreytni. Svæðið varðveitt m.a. til náttúruupplifunar fyrir almenning.



2. gr. Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita sérstæðar jarðminjar og landslag sem er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs gildis. Þá er jafnframt markmið friðlýsingarinnar að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins með verndun vistkerfa, þ.m.t. mikilvægt fuglasvæði norðan Selfljóts, og stýringu umferðar um svæðið, sbr. 2. gr., 3. gr., 48. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Friðlýsingin skal stuðla að því að nýting svæðisins fari fram með þeim hætti að ekki sé gengið á gæði landsins. Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar. Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Stórurð verður varðveitt sem áfangastaður fyrir ferðamenn með áherslu á aðgengi. Í heild hefur svæðið hátt vísindalegt gildi og verður kappkostað að viðhalda gildi þess og gera vísindamönnum kleift að rannsaka náttúruminjar svæðisins.

Friðlýsing landslagsverndarsvæðis.

Friðlýsa má landsvæði til verndar landslagi sem:

- a. þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- b. talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða
- c. skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar.

Friðlýsingin skal miða að því að varðveita:

- Sérkenni og einkenni landslagsins.
- Fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess.
- Varðveita þær hefðbundnu nytjar sem skapa einkenni landslagsins.

Friðlýsing náttúruvættis.

Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna.

Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu.





Umhverfisstofnun og reksturinn

- Rekstri friðlýstra svæða á austurlandi stýrt frá Reyðarfirði.
- Stjórnsýslulegt og rekstrarlegt bakland á Akureyri, í Mývatnssveit og í Reykjavík.
- Umhverfisstofnun með 3 störf á austurlandi auk þess að leggja til fjármagn í landvörslu á Teigarhorni og norðan Dyrfjalla.
- Fjögur önnur störf í náttúruvernd auk landvörslu.

Stjórnunar og verndaráætlun



Stefnumótun fyrir svæðið og rekstur þess

- Kveðið á um stjórnunar- og verndaráætlun í lögum um náttúruvernd.
- Hana skal vinna í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum viðeigandi fagstofnanir og hagsmunaaðila.
- Þar skal fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga.
- Heimilt að setja reglur um umferð og dvöl á svæðinu.



Samstarfshópur

- Tveir fulltrúar Umhverfisstofnunar.
- Tveir fulltrúar Hrafnabjarga.
- Einn fulltrúi Unaóss-Heyskála.
- Einn fulltrúi Sandbrekku.
- Tveir fulltrúar tilnefndir af sveitarfélagi.

Titill á fyrirlestri og fyrirlesara

Dagsetning, staðsetning

1

HIÐ FRIDLÝSTA SVÆÐI

*Stjórnunar- og verndaráætlun
Eignarhald og umsjón
Samráð
Skipulagsáætlanir
Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
Verndargildi og verndarflokkur
IUCN
Alþjóðlegar skuldbindingar
Loftslagsþáttur*

2

STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR


*Aðkomuleiðir
Umferð frá sjó
Náttúrufar, gróður og vistgerðir
Dýralíf
Jarðminjar og landslag
Menningarminjar
Landnotkun
Ferðaþjónusta og útivist
Umsjón og landvarsla
Gönguleiðir og aðgengi
Skilti og fræðsla
Kvikmyndatökur, viðburðir og samkomuhald
Mönnuð og ómönnuð loftför
Rannsóknir og vöktun
Heimildaskrá*

3

SÉRREGLUR

Staða vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun.

- Samstarfshópur hefur fundað fjórum sinnum.
- Stjórnsýslukaflinn hefur verið skrifaður.
- Staðreyndakafli um svæðið er langt kominn.
- Samráð hefur átt sér stað og enn meira í vinnslu.





Svæðið norðan Dyrfjalla og Stórurð

- Þekkt á landsvísu.
- Vinsælt svæði til útivistar og veiða.
- Mikilvægt fyrir nærsamfélagið.
- Margt að sjá og upplifa innan svæðisins.
- Fjölmargar merkar minjar.

↑
KOSTIR
↓

STYRKLEIKAR

- Svæðið er vel þekkt og hentar vel til fræðslu og náttúruupplifana.
- Möguleikar á að byggja upp í sátt við náttúru, mannfolk og ólíka notendahópa.
- Mögulegt að skipuleggja svæðið heildstætt.
- Hægt að taka tillit til leitar og björgunarstarfa við uppbyggingu á svæðinu.

TÆKIFÆRI

- Svæðið er torsið sem leiðir til þess að svæðið ver sig að nokkru leiti.
- Svæðið býður upp á fjölbreytta möguleika til útivistar.
- Mikil tækifæri til fræðslu og móttöku skólahópa í samstarfi við landverði.
- Tækifæri í uppbyggingu hjóla- og gönguleiða.
- Tækifæri til að efla lýðheilsu.
- Víðerni og náttúrufergurð sem auðvelt er að upplifa í einrúmi.

↑
ÓKOSTIR
↓

VEIKLEIKAR

- Svæðið er illa aðgengilegt fyrir fólk sem býr við fötlun.
- Fjöldi aðkomuleiða að Stóruvörð svo flókið er að stýra umferð um svæðið og ná til ferðafólks.
- Lítill uppbygging hefur átt sér stað.
- Ekki skipulag fyrir framtíðaruppbyggingu.
- Of lítil landvarsla á svæðinu, þ.m.t. fræðsla.

ÓGNANIR

- Ágangur á Stóruvörð og aðkomu að henni – álag á stíga og náttúru.
- Of gott veður sem leiðir til aukins ágangs.
- Of mikil rigning sem veldur skemmdum á stígum.
- Að náttúra svæðisins verði fyrir skaða af álagi vegna umferðar fólks.
- Stórt svæði og erfitt að tryggja öryggi fólks á ferð um svæðið.



INN Á VIÐ




ÚT Á VIÐ



Næstu skref

- Seinni hluta fundarins munum við ræða hugmyndir að framtíðarskipulagi og uppbyggingu fyrir svæðið.
- Eftir fundinn vinnur samstarfshópur úr niðurstöðum fundarins.
- Lokið við að skrifa drög að stjórnunar- og verndaráætlun.
- Drög kynnt og kallað eftir athugasemdum.





**UMHVERFIS
STOFNUN**

Hugarflug

Í Hjaltalundi

- Skipta í hópa.
- Blýantar og blöð á borðum.
- Skrifa niður hugmyndir að uppbyggngu, skipulagi eða öðru því sem koma þarf fram.
- Setja niður mat á forgangi - taka sérstaklega fram ef atrið teljast mjög brýn.
- Ræða hugmyndirnar á borðunum - starfsmenn til skrafs og ráðagerða.

Í útsendingu

- Hugmyndir skal senda í tölvupósti á davidh@ust.is með titilinum Hjaltalundur.
 - Ef óskað er eftir frekara samtali er velkomið að senda símanúmer og verður haft samband seinna í vikunni.